



# SAG2B05 – Nýöld og 20. öldin

Námsáætlun, vorönn 2023

**Kennari/kennarar:**

Þórdís Anna Hermannsdóttir

**Netfang/netföng:**

[thordis.hermannsdottir@borgo.is](mailto:thordis.hermannsdottir@borgo.is)

**Lýsing:**

Íslands- og mannkynssaga á 19. og 20. öld. Efnisþættir eru þættir úr sögu Íslands og heimsögunni frá 1776 og fram eftir 20. öld. Fjallað er um hugmyndafræði út frá stóratburðum, einstaklingum og samfélagsþróun. Stiklað er á stóru en leitast við að kafa ofaní og dýpka skilning á einstöku þáttum sem fjallað verður um en að nokkru leyti er áfanginn yfirlit yfir ákveðin tímabil og hugmyndir innan tímarammans. Áhersla er lögð á áberandi sem og minna áberandi þætti sögunnar, stór atburði og fólk, ásamt jaðarsettum einstaklingum og baráttu þeirra fyrir bættum hag almennings. Skoðaðar verða mannréttindabaráttur og mannréttindabrot, hugmyndastraumar, framfarir, stjórnarfar og styrjaldir tímabilsins.

**Þekking, leikni, hæfni:**

- Að nemandi fái gleggri mynd af uppruna nútímapjóðfélags og stjórnarfars svo sem lýðræðis, einveldis o.s.frv.
- Að nemandi átti sig betur á nútíma átökum og vandamálum út frá sögunni eins og jákvæðum og neikvæðum áhrifum tæknipróunar, styrjalda, iðnvæðinga á sjálfbærni einstaklinga, landa og heimsbyggðarinnar.
- Að nemendi sjái sögu Íslands á tímabilinu í tengslum við erlenda strauma og stefnur.
- Að nemandi öðlist þekkingu og skilning á völdum þáttum úr mannkynssögu frá miðri 18. öld og fram á þá tuttugustu og fyrstu.
- Að nemendi öðlist skilning á skorti á frásögnum um konur, alþýðufólk og fleiri hópa og afleiðingum þess m.a. áhrifum á sögusýn nútímafólks og áhrifum þess á jafnrétti.
- Að nemandi öðlist leikni í að tjá sig um söguleg efni í ræðu og riti.
- Að nemandi öðlist læsi á megin hugmyndastrauma sögunnar á tímabilninu og leikni í að gera grein fyrir þeim með skapandi hætti.
- Að nemandi öðlist hæfni til að glöggva sig á atburðum sögunnar á forsendum þess tíma sem þeir eiga sér stað með umræðum og skriflegum verkefnum.
- Að nemandi öðlist leikni í að leita heimilda um sögulega þætti og kunna að greina á milli frumheimilda og eftirheimilda og geti metið gildi og áreiðanleika þeirra.
- Að nemandi geti gert sér grein fyrir ólíkum sögulegum skýringum, tekið þátt í skoðanaskiptum og metið ólík sjónarhorn sögulegra álitamála.
- Að nemendi öðlist hæfni til að spegla sig og líf sitt í sögunni.
- Að nemandi öðlist skilning á hvernig saga eins tíma hefur áhrif á velferð fólks á öðrum tímum með það í huga að sýna ábyrgð gagnvart komandi kynslóðum.
- Að nemandi geti notað sögunám til að efla gagnrýna hugsun sína.



**Námsmat:**

{Sundurliðað, tímasetningar í töflu á baksíðu}

**Skriflegt próf 15%**

**Munnlegt námsmat 10%**

**Ritgerð/kynning 20%**

- Ritgerð 15%
- Kynning 5%

**Verkefni 35%**

- Plakat/kynning – hópavinna 10%
- Hlaðvarp/podcast og handrit með heimildum 10%
- Förufólk 5%
- Millistríðsárin 10%

**Tímaverkefni (krossgátur, tímalínur, umræðuverkefni í tímum o.fl.) 10%**

**Þáttaka og virkni 10%**

**Námsgögn:**

Glærur og lesefni frá kennara á INNU. Nánari upplýsingar veitir kennari.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Nemendur þurfa að þreyta alla þætti námsmats og fá að meðaltali 4,5 úr þeim, til að útskrifast úr áfanganum.

Mikilvægt er að virða skiladaga á verkefnum!!

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. janúar	Kynning á áfanga	
2	9.-13. janúar	Ismar og hyggjur	Plakat 10%
3	16.-20. janúar	Franska byltingin	
4	23.-27. janúar	Napóleon / Sjálfstæðisbarátta Íslands	Hlaðvarp 10%
5	30. jan- 3. febrúar	Sumarið 1809 / Förufolk á Íslandi	Förufolk 5%
6	6.-10. febrúar	Iðnbylting og borgarlíf	Skóhlífadagar
7	13.-17. febrúar	Nýlendu- og heimsvaldstefna	Vörðuvika I
8	20.-23. febrúar	Kosningaréttur kvenna - Súffragettur	Vorannahlé
9	28. febrúar- 3. mars	Upprifjun og próf	Skriflegt próf 15%
10	6.-10. mars	Byltingar í Rússlandi í byrjun 20. aldar / Fyrri heimsstyrjöldin	
11	13.-17. mars	Fyrri heimsstyrjöldin og Versalasalningar	
12	20.-24. mars	Millistríðsárin	Vörðuvika II Millistríðsárin 10%
13	27.-31. mars	Ritgerðarvinna og kynningar	Valdagur Kynning á ritgerð 5%
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	Uppgangur Hitlers og Nasista	Skil á ritgerð 15% 14. apríl
16	17.-21. apríl	Seinni heimsstyrjöldin og Helförin	Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apríl	Kalda stríðið og heimurinn eftir heimsstyrjaldir	
18	1.-5. maí	Aðskilnaðarstefna BNA	Dagur verkalýðsins
19	8.-12. maí	Munnlegt námsmat	Munnlegt námsmat 10%
20	15.-16. maí	Einkunnaskil	Síðasti kennsludagur/ Varða III

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*